

29.04.2021

SÆBRAUTARSTOKKUR

Teiknistofan Tröð - Kanon arkitektar - VSÓ ráðgjöf

**SKIPULAG UPPBYGGINGAR Á OG VIÐ VEGSTOKK Á
SÆBRAUT VIÐ VOGAHVERFI
ÞVERUN BORGARLÍNU YFIR SÆBRAUT OG ELLIÐAÁR**

HUGMYNDALEIT

INNGANGUR

Með samkomulagi um uppbyggingu Sæbrautarstokks og Borgarlínu hafa stjórnvöld varðað veginn og markað stefnu sem gerir borgurunum kleift að búa og starfa í umhverfisvænna umhverfi en áður.

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir hugmyndum að fyrirkomulagi uppbyggingar við og á Sæbraut í stokki, þverun Borgarlínu, göngu- og hjólastíga yfir Sæbraut og Elliðaár og staðsetningu kjarnastöðvar Borgarlínu.

Frumdrög Borgarlínukerfisins liggja fyrir og þar er gert ráð fyrir kjarnastöð tveggja meginleiða Borgarlínu, austur-vestur leið og norður-suður leið við stökkinn.

Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í tengslum við stökkinn og kjarnastöðina eflir Borgarlínukerfið og veitir tækifæri til að tengja aðliggjandi hverfi saman í eina órofna heild.

Framkvæmdirnar við stökkinn og uppbyggingu í tengslum við hann hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið og íbúa utan þess svæðis sem afmarkað er vegna hugmyndaleitarinnar.

HLUTVERK SÆBRAUTARSTOKKS

SÆBRAUT

VOGABYGGÐ

REYKJANES-
BRAUT

HOLTAVEGAR

VOGAHVERFI

KJARNASTÖÐ

- Hindrunarlaust flæði umferðar á Sæbraut milli Holtavegar og Reykjanesbrautar
- Samþætting byggðar
- Kjarnastöð Borgarlínu

MEGINHUGMYND

Hugmyndaleitin byggir á stefnu og markmiðum Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030/2040 um breyttar ferðavenjur, vistvænar samgöngur og þéttingu byggðar, einkum við stoppistöðvar Borgarlínu.

Meginhugmyndin er samþætting byggðar í Vogunum með áherslu á fjölbreytt almenningsrými, vistvænar samgöngur og blandaða byggð í mannlegum mælikvarða. Með tilkomu stokksins verður til nýtt almenningsrými „Ramblan“ ofan á stokknum, sem sameinar gróið hverfi Voganna og nýja hverfið í Vogabyggð og tengir þau við kjarnastöð Borgarlínu og nýja byggð beggja vegna stokksins. Kjarnastöðin er við Súðarvog á mörkum frumbyggðar og nýbygginga í suðri. Suðurlandsbraut er framlengd inn í Vogabyggð.



LEIÐARLJÓS OG MARKMIÐ

- Ný byggð á svæðinu verði öflugt bakland fyrir nýja samgönguhætti, m.a. Borgarlínu, sem er ásamt Sæbrautarstokki aflvaki umfangsmikillar umbreytingar svæðisins í mannvænlega byggð með fjölgun íbúða og aukid atvinnuhúsnæði.
- Á svæðinu verði margbreytilegt, vandað og vistvænt búsetu- og atvinnuumhverfi með félagslega fjölbreytni, fjölpætta menningarstarfsemi, umhverfisvænan lífstíl, lýðheilsu og lífsgæði að leiðarljósi.
- Umhverfissjónarmið verði í hávegum höfð og ný byggð þrjónuð við núverandi byggingar og mannvirki með áherslu á gæði byggðar og falleg almenningsrými í manneskjulegum mælikvarða, þar sem listaverk verði samofinn hluti umhverfis. Skjólgóð, sólríki og gróðursæl svæði eru sett á oddinn.
- Umferð gangandi og hjólandi milli staða er einn vistvænasti ferðamátinn og sá skilvirkasti á styttri leiðum. Lögð er áhersla á gæði og upplifun í tengslum við þær umferðarleiðir. Þessar tengingar í næstu hverfi og borgarhluta verði greiðar og fallegar. Borgarmiðað gatnakerfi með breiðum gangstéttum og hjólareinum stuðli að virku flæði fólks um svæðið og almenningsrými veiti aðstöðu til að staldra við.
- Vogahverfi endurheimti tengingu við Elliðaár og sjávarsíðu með fjarlægingu hindrana, þar sem stofnbrautarumferð er færð í stökk og Vogahverfið sameinað hinu nýja hverfi, Vogabyggð.

Sæbraut í stökk við Vogahverfi og Vogabyggð gerir hverfin að samfelldri heild með fleiri öruggum tengingum við Elliðarárvog og Elliðarárdal. Svæðið ofan á Sæbrautarstokki er einstakt, m.a. vegna nálægðar við gróin íbúðahverfi og öflug atvinnusvæði og uppbyggingarmöguleika samkvæmt skipulagi. Þarna ríkir einstök veðursæld. Öruggt, fallett aðgengi eykur á gæðin og er til þess fallið að þróa nútímalegt og lífvænlegt borgarumhverfi í samhljómi við hverfin í kring. Uppbygging íbúðar-, verslunar- og atvinnuhúsnæðis í tengslum við stökkinn og kjarnastöðina styrkir byggðina beggja vegna Sæbrautar og gerir hverfin tvö að samfelldri heild, með skemmtilegum götum, borgarrýmum og grænum svæðum.

Skipulag samgangna og hreyfanleiki fyrir gangandi, hjólandi og almenningsgangur verður í forgrunni og hagsmunir þeirra ferðamáta teknir fram yfir hagsmuni umferðarflæðis annarra vélknúinna ökutækja komi til þess, einkum á yfirborði. Þó verði hagsmunir neyðarbíla hafðir í fyrirrúmi og tekið tillit til umferðarflæðis á stofnbrautum og tenginga við gatnakerfið á yfirborði. Í því samhengi verður til hliðsjónar sýn Vegagerðarinnar um stofnvegi vegna Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040. Fylgt verður viðurkenndum leiðbeiningum um t.d. breiddir gatna og stíga, hámarks langhalla, beygjuradíusa o.fl.

Eitt af meginmarkmiðum hugmyndarinnar er að hin nýja aðstaða og uppbygging lagi sig að svæðinu og fyrirliggjandi byggð, styrki það og endurheimti aðgengi almennings að margbreytilegu strandsvæðinu við Elliðaárvog. Borgarmyndin er styrkt og einkenni hvers hverfis fær notið sín. Nýtt öflugt bæjarhverfi með gróskumikilli starfsemi og þjónustu á grunni stefnumörkunar aðalskipulags Reykjavíkur, samofið umhverfi sem fyrir er, er myndað.

AÐFERÐAFRÆÐI

Samhliða upphafsskrefum í hugmyndaleitinni um byggðarmynstur, hófst vinna við skipulag samgangna. Samgöngur voru kortlagðar og greining gerð á núverandi aðstæðum, götum, stígum, helstu umferðarstraumum, umferð almenningsgangna og öðru sem skiptir máli í þessu tilliti. Áhersla var á að skilgreina almennar og ápreifanlegar áskoranir og ákveða markmið. Í kjölfarið var unnið að því að finna leiðir til að uppfylla óskir verkkaupa um skipulag samgangna, rými og flæði fyrir ólíka ferðamáta sem henta þróun svæðanna, í þá veru sem Reykjavíkurborg sér fyrir sér. Kjölfestan er Borgarlínan eins og hún er fyrirhuguð.

Tillaga að veg- og hæðarlínum Borgarlínu um svæðið ýtir undir staðsetningu heppilegrar kjarnastöðvar sem tengir saman ólíkar leiðir að teknu tilliti til þess byggðarmynsturs sem mælt er með í heildartillögunni. Hentug samþætting, með útgangspunkt í samgöngumiðuðu skipulagi er í heiðri höfð. Tillaga að legu Borgarlínu gangi jafnframt upp út fyrir svæðin sem tillögugerðin nær til og tryggt að samfella sé við kerfið í heild sinni.

STAÐARVALSGREINING

Staðarvalsgreinining var gerð annars vegar á legu norður-suðurleiðar Borgarlínu, hvernig hún tengist kjarnastöð og þverar Miklubraut og hinsvegar staðsetningu kjarnastöðvar í Vogabyggð, ásamt legu austur-vesturleiðar Borgarlínu. Þrjár leiðir fyrir norður-suðurleið milli Vogabyggðar og Mjóddar og þverun Miklubrautar voru athugaðir:

1. Borgarlína vestan Reykjanesbrautar kallar á þverun Reykjanesbrautar á heppilegum stað. Leiðin gæti tengst vel uppbyggingu við Sprengisand. Miklubraut er þveruð annaðhvort um göng eða brú. Þverun um löng göng undir Miklubraut hefur áhrif á stofnlagnir veitukerfa og nýtist takmarkað sem umferðarleið fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þessi lega kallar á staðsetningu kjarnastöðvar austan Sæbrautar, í jaðri megin uppbyggingarsvæðis.
2. Borgarlína í miðju Reykjanesbrautar kallar á þverun á hluta Reykjanesbrautar frá Mjódd, sem nokkur óvissa ríki um og tengingar frá Sæbraut ofaná stökkinn. Miklubraut er þveruð undir núverandi brúarmannvirki, sem raskast að einhverju leyti. Borgarlína getur samnýtt göturými sem nú er til staðar, en engin leið að nýta þessa leið fyrir gangandi og hjólandi umferð.
3. Borgarlína austan Reykjanesbrautar liggur í jaðri Elliðaárdals. Miklubraut er þveruð vestan Elliðaáa og raskar svæðinu á þann veg, að í stað þess að áin fari um ræsi verði hún brúuð og árfarvegurinn fengi að njóta sín með sambærilegum hætti og austuráin. Ný brú Miklubrautar yfir Elliðaár er einstakt tækifæri til að opna Elliðaárdal til sjávar og veita almenningi tækifæri að fylgja vesturáli Elliðaár Þessi aðgerð gæti jafnvel aukið laxagengd í ánni. Ný leið fyrir gangandi og hjólandi meðfram vesturánni bætir tengingar við Elliðaárdal. Leið Borgarlínu í jaðri Elliðaárdals er einstaklega falleg leið og liggur vel með göngu- og hjólastígum.

Niðurstaðan er sú að tölvuverð áskorun er fólgin í þverun Miklubrautar. Kostir og gallar fylgja hverri staðsetningu. Flest jákvæð tækifæri felast í legu norður-suður Borgarlínu austan Reykjanesbrautar, sem tengist vel við kjarnastöðina. Tímabundið mætti nýta brú Ártúnsbrekku og Borgarlínan þverar Elliðaárdal. Norður-suðurleið mun þá tengjast austur-vestur leið við Sævarhöfða. Bráðabirðaráðstafanir geta orðið bæði langvarandi og kostnaðarsamar.



STAÐARVALSGREINING

Fyrir kjarnastöðina er rýmisþörf metin út frá fyrirliggjandi gögnum, gerð tillaga að almennu skilvirku fyrirkomulagi brautarpalla og innbyrðis tengslum, auk tengi- og skiptimöguleika við strætó.

Áhersla er á öruggt og þægilegt aðgengi gangandi og hjólandi. Unnið er með mælikvarða og jákvæð áhrif á upplifun notenda með góðri rýmismyndun. Hugað er að vöruaðkomum vegna þjónustustarfsemi og sleppistæðum einkabíla. Stuðst er við gátlista úr viðurkenndum leiðbeiningum og reynslu erlendis frá.

Þrjú staðir fyrir kjarnarstöð Borgarlínu í Vogabyggð voru skoðaðir:

1. Kjarnastöð við Tranavog / Snekkjuvog er miðsvæðis í Vogabyggð og tengist vel Vogahverfi. Meginleiðir Borgarlínu lengjast og umferð almenningsvagna eykst í báðum hverfum. Borgarlínan fer um Langholtsveg að Suðurlandsbraut og um friðlýst svæði Háubakka, skóla- og útivistarsvæði á Fleyvangi, en þar er einnig smábátahöfnin. Miðlæg staðsetning nýtist vel íbúum Vogahverfis og Vogabyggðar en lengir leið annarra farþega Borgarlínu.
2. Kjarnastöð við Súðarvog / Suðurlandsbraut, milli frumbyggðarinnar við Súðarvog og uppbyggingar í tengslum stokkinn og suðurhluta Vogabyggðar. Lega beggja leiða Borgarlínu fellur vel að þessari staðsetningu og allar umferðarleiðir eru í sama plani.
3. Kjarnastöð við Suðurlandsbraut miðsvæðis í nýju hverfi syðst í Vogabyggð. Borgarlína er í sérrými og fer á brú yfir götur Vogabyggðar og þverar því ekki almenna umferð gatnamótalaus leið að Ártúnshöfða.

Flest jákvæð tækifæri felast í kjarnastöð við Súðarvog þegar horft er til heildarhagsmuna farþega Borgarlínukerfisins. Umferðaleiðir allra samgöngumáta eru í plani. Strætó mun ýmist nýta sérrými Borgarlínu eða almennar umferðargötur á svæðinu.



BORGARLÍNA

SUÐARVOGLER

SUÐURLANDSBRAUT

- Kjarnastöð Borgarlínu í Vogabyggð
- Borgarlína austur-vestur leið um Suðurlandsbraut að Ártúnshöfða
- Borgarlína norður-suður leið um Elliðaárdal, undir Miklubraut
- Bráðabirgða leið undir brú Ártúnsbrekku

STOKKURINN OG UPPBYGGINGARMÖGULEIKAR

Lengd stokksins var skoðuð ásamt umfangi mislægra gatnamóta. Lagt var mat á það hvort stytta mætti stokkinn þannig að hann færi ekki yfir gatnamót Skeiðarvogar og Kleppsmýrarvegur. Umfang mislægra gatnamóta var skoðað miðað við áætlað umferðarmagn. Niðurstaðan var að mikill ávinningur er bæði fyrir flæði umferðar og gæði umhverfis í byggð, að stokkurinn nái norður fyrir Skeiðarvog og að áætlað umferðarmagn kalli á útfærslu gatnamóta skv. frumtillögu Verkís.

Draga má úr neikvæðum áhrifum aðreina og fráreina sunnan við gatnamót Skeiðarvogs og Kleppsmýrarvegur með því að byggja yfir þær, því annars mynda þær djúpar gjár við útivistarsvæðið. Það er því sett fram hugmynd að kennileiti sunnan við þessi gatnamót, byggingu sem afmarkar útivistarsvæðið til norðurs og byggist yfir aðreinarnar.

Skoðaðir voru uppbyggingarmöguleikar með tilkomu stokksins út frá frumtillögu Verkís. Heildarlengd stokksins með aðrein og frárein er 1,2 km. Hinn yfirbyggði stokkur milli Skeiðarvogs og Suðurlandsbrautar er um 750 metrar að lengd. Til suðurs frá gatnamótum Skeiðarvogs eru aðrein og frárein, vegna umferðar til og frá stokkunum á Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog, um 170-200m að lengd. Fjarlægð milli lóða í Vogahverfi og Vogabyggð er á bilinu 37-47 metrar.

Vogahverfi er gróin, fíngerð einbýlishúsabyggð byggð á árunum 1949-1973. Vogabyggð er umbreytingahverfi, sem byggðist upphaflega upp sem iðnaðarhverfi um miðbik 20. aldar, en hefur nú verið endurskipulagt sem miðsvæði og íbúðarbyggð. Enduruppbygging hverfisins hófst í kjölfar samþykks deiliskipulags árið 2017 og hafa nú risið fjölmörg íbúðarhús, þriggja til sex hæða bygginga þar. Engin uppbygging hefur átt sér stað á þeim lóðum sem eru næst Sæbraut, þrátt fyrir umtalsverðar uppbyggingarheimildir fyrir atvinnuhúsnæði. Svæðið sunnan Tranavogar er enn óskipulagt.

Uppbyggingarmöguleikar voru skoðaðir út frá því „landi“ sem myndast við tilurð stokksins:

1. Byggt ofan stokknum endilöngum að Vogabyggð og nýr aðkomuvegur að Vogahverfi frá Súðarvogi að Skeiðarvogi, móts við Njörvasund. Lóðir eru 20-30 metra djúpar, samtals um 15.000m². Fræðilega mætti byggja þar 150-200 íbúðir. Tæknilegar og kostnaðarlegar áskoranir eru fólgnar í uppbyggingu ofaná stokknum bæði hvað varðar byggingar og umferðarmannvirki.
2. Byggt ofan á stokknum til beggja enda og að stokknum í Vogabyggð. Með tilurð stokksins breytast skipulagsforsendur þar sem lögð var áhersla á uppbyggingu atvinnuhúsnæði næst Sæbraut. Tækifæri opnast fyrir stærra hlutfall íbúðarhúsnæðis. Svæðið ofan á stokknum verður almenningsrými sem sameinar hverfin tvö. Byggingarnar ofan á stokknum hýsa einkum atvinnustarfsemi af ýmsum toga.
3. Helstu tækifærin til uppbyggingar í tengslum við stokkinn eru austan og vestan gangnamunnanna til suðurs. Þar má gera ráð fyrir blandaðri byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis, þar sem atvinnuhúsnæðið er næst gangamunnanum og myndar skjól fyrir hávaða og mengun frá umferð gagnvart íbúðarhúsnæði sem er þar fyrir innan.

Við úrvinnslu tillögunnar var lögð áhersla á almenningsrýmið ofan á stokknum, uppbyggingu í Vogabyggð að stokknum, með áherslu á aukið hlutfall íbúða, uppbyggingu á suðurhluta svæðisins og kennileiti við gatnamót Skeiðarvogs og Kleppsmýrarvegur, sem afmarkar almenningsrýmið til norðurs. Almenningsrýmið myndar samfellda heild grænna svæða að og frá Laugardal.

Í kjölfar niðurstöðu greininga og viðbragða fulltrúa Reykjavíkurborgar ákvað teymið að vinna áfram með tillögu þar sem kjarnastöð er komið fyrir við Súðarvog / Suðurlandsbraut, norður-suðurleið verði austan Miklubrautar og stokkur og gatnamót Skeiðarvogar og Kleppsmýrarvegur verði í samræmi við tillögu Verkís.

MEGINFYRIRKOMULAG BYGGÐAR

Vogahverfi og Vogabyggð sameinast í eitt, heilsteypt hverfi, með nýju almenningsrými sem verður til ofan á stökknum. Almenningsrýmið hefur yfirbragð Römblu, um 600 metra að lengd og 40 metra breitt, fjölbreytileg útisvæði og veðursæl. Ramblan er miðpunktur hverfanna, virkjar mannlíf og er vettvangur margvíslegrar notkunar fyrir íbúa og gesti eftir árstíðum.

Kjarnastöð Borgarlínu og strætó eru í suðurenda Römbunnar við Súðarvog. Í öndvegi til norðurs við Skeiðarvog er kennileiti, bygging sem tekur til sín gangnamunna aðreinar og fráreinar gatnamótanna ofan í stökkinn. Byggingin veitir skjól fyrir ríkjandi norðanáttum á góðviðrisdögum. Til suðurs verður Ramblan hluti af landi Steinahlíðar sem er helgað starfsemi leikskóla, matjurtargörðum og trjárækt. Gera þarf makaskipti á landi Steinahlíðar vegna legu Borgarlínu. Bætt er fyrir það land sem fer undir Borgarlínu með svæði til norðurs, austan bygginga við Eikjuvog. Þá verði þar afmörkuð minni leikskólalóð fyrir Steinahlíð. Aðkoma akandi í leikskólann í Steinhlið verður frá Gnoðarvogi og fækkar það gatnamótum sem þvera Borgarlínu.

Lögð er áhersla á hagkvæm uppbyggingartækifæri við stökkinn. Það einfaldar alla gerð stokks og nýbygginga, ásamt því að mynda nauðsynlegt andrými milli gamalgróins hverfis í smáum mælikvarða og nýrrar byggðar með borgaryfirbragði. Aðeins verður byggt ofan á við hvorn sinn enda stokksins, kennileiti til norðurs og kjarnastöð til suðurs. Í Vogabyggð var fyrirhuguð uppbygging atvinnuhúsnæðis að Sæbraut, þar sem staðsetningin hentaði ekki fyrir íbúðabyggð. Með tilkomu stokksins breytast forsendur og lóðir að Sæbrautarstokki gætu hentað vel fyrir blandaða byggð, þrjár til fimm hæðir, með megináherslu á íbúðarhúsnæði og atvinnustarfsemi á götuhæð, einkum að Dugguvogi. Auk þess má hugsa sér ýmsa þjónustu s.s. ísbúð og kaffihús að og á Römbunni. Einnig mætti skoða staðsetningu fyrir skóla við stökkinn, með opna skólalóð að Römbunni.

Vogahverfi styrkist með nýja almenningsrýminu ofan á stökknum, Römbunni, sem tengir stíga- og gatnakerfið við Vogabyggð. Snekkjuvogur endurheimtir fyrri legu að Háubökkum með þverun Römbunnar.

Suðurhluti svæðisins, austan og vestan gangnamunna, hefur yfirbragð þéttar, þriggja til fimm hæða randbyggðar, sem rís hæst að stofnbrautum. Þar er gert ráð fyrir blandaðri starfsemi atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. Austast við bakka Elliðaár eru sýnd punkthús, þar yrðu einkum íbúðir. Núverandi byggingar við Knarrarvog víkja fyrir fimm hæða nýbyggingum.

Skipulag svæðisins byggir á einföldu og skýru gatnakerfi fyrir alla samgöngumáta. Umferð er hæg og skilvirk á forsendum gangandi og hjólandi vegfarenda. Akreinar eru í báðar áttir með samsíða bílastæðum og götutré prýða umhverfið. Hjólandi og gangandi vegfarendur njóta greiðs og öruggs aðgengis um nýja hverfið sem tengist aðliggjandi byggð og útivistarsvæðum með samfelldum leiðum um íbúðagötur og stíga. Ný Borgarlínubru í opinni tengingu milli Elliðaárdals og sjávar er einnig kærkomin viðbót fyrir ferðir hjólandi og gangandi í umhverfinu.

UPPBYGGING

KENNILEITI

RAMBLAN

STEINAHLÍÐ

KJARNASTÖÐ


ÞJÓNUSTA

ÍBÚÐARBYGGÐ

SKRIFSTOFUR

VERSLUN

- Ramblan, garður milli hverfa
- Steinahlíð, leikskóli, trjárækt, matjurtagarðar
- Kjarnastöð Borgarlínu
- Verslun og þjónusta
- Atvinnuhúsnæði
- Íbúðarbyggð







UMHVERFISMÁL

Markmið með uppbyggingu og þéttingu byggðar á og við vegstokk er að bæta gæði borgarlífs. Teymið leggur fram grófa ábatagreiningu á hugmyndum um þróun svæðisins. Visthæfi og sjálfbærni tillagnanna er metin og byggir á venjubundinni nálgun í umhverfismati áætlana. Tillögurnar leggja einnig upp með að unnt sé að vistvotta skipulagsáætlanir og mannvirki á svæðinu skv. viðurkenndum vottunarkerfum s.s. BREEAM. Slíkar áherslur draga fram viðfangsefni sem þarf að skoða í heildarferli verkefnisins, allt frá skipulagsmótun og hönnun til framkvæmda og innleiðingar. Vottanir gefa viðkomandi hverfi ákveðinn gæðastimpil sem hefur m.a. áhrif á eftirspurn að taka þátt í verkefninu og að búa og starfa í nýju hverfi. Jafnframt auðveldar vottun fjármögnun verkefnisins.

Hugmyndin stuðlar að visthæfi svæðisins með eftirfarandi þáttum:

- Greining á samgöngum svæðisins og tengsl þess við aðra borgarhluta er lögð til grundvallar samgöngukerfis sem er vel tengt innan svæðis og við aðra borgarhluta óháð ferðamáta.
- Lögð er áhersla á aðgengi að Borgarlínunni sem er með hátt þjónustustig, uppbyggingu hjólastígakerfis og göngustíga. Einnig er litið til nauðsynlegra tenginga forgangsumferðar sem og bílaumferðar um og í gegnum svæðið.
- Áhersla er á gæði almenningsrýma. Hugmynd felur í sér gott aðgengi að almenningsrýmum og grænum útivistarsvæðum. Þá er lögð áhersla á að göngu- og hjólaleiðir séu aðlaðandi og tengingar góðar. Mannvirki eru staðsett þannig að þau myndi skjól frá veðri og hávaðamengun.
- Greining á félagslegum og hagrænum áhrifum er lögð til grundvallar hugmyndarinnar. Á svæðinu verður blönduð byggð þar sem uppbygging íbúðar og atvinnuhúsnæðis verður í tengslum við Borgarlínukerfið, þar sem tengsl byggðar, samgöngukerfa og almenningsrýma eru samþætt. Útfærsla byggðar stuðlar að hærra þjónustustigi og bættu aðgengi að nærþjónustu.

Meðal úrlausnarefna við mótun tillagna um fyrirkomulag uppbyggingar á og við Sæbraut í stokki eru þættir sem lúta að framkvæmdunum sjálfum og áhrifum þeirra á borgarlífið.

- Samráðsáætlun er gerð til að kortleggja aðkomu hagsmunaaðila að áætlanagerð til að auka gæði skipulagsáætlana og uppbyggingar á svæðinu.
- Gerð er áætlun um auðlinda- og orkunotkun á svæðinu til að stuðla að visthæfi svæðisins. Lagt mat á endurvinnslu á framkvæmda og rekstrartíma með það að markmiði að stuðla að endurvinnslu í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Huga skal að vistspori og úrgangsstjórnun.
- Meðhöndlun vatns og áhrif uppbyggingar á veitukerfi skoðuð með það að markmiði að almenningsrými og byggingar fangi sem mest af yfirborðsvatni og það verði nýtt eftir föngum á svæðinu.
- Nánari greining og útfærsla á þeim hugmyndum sem hér eru settar fram þannig að enn frekar verði stuðlað að gæðum og visthæfi byggðar.



SAMGÖNGUR

Svæðið verður vel tengt við umhverfi sitt óháð vali á samgöngumáta.

Stofnstígur hjólréiða í austur-vestur tengist norður suður-stígum. Kjarnastöðin gefur möguleika á tengingum með almenningssamgöngum til allra átta.

Framlenging Suðurlandsbrautar og tenging úr rampi frá Ártúnsbrekku fjölgar valmöguleikum einkabílaumferðar umfram gatnamót Skeiðarvogs og Sæbrautar. Þannig verður hverfið vel tengt til allra átta.

Einkabílaumferð yfir stokkinn er við Skeiðarvog, framlengdan Barðavog, Snekkjuvog og Suðurlandsbraut. Þetta fyrirkomulag tryggir gott flæði umferðar allra samgöngumáta milli eldri og nýrri hverfa. Borgarlínubraut yfir Geirsnef og Suðurlandsbraut nýtist Borgarlínu, Strætó og ef þess verður þörf almenningsvögnum af landsbyggðinni. Þannig samfléttast öll þjónusta almenningssamgangna á einni stöð.

Samgöngustígar liggja til allra átta frá kjarnastöðinni. Tvístefnu stofnstígur frá Suðurlandsbraut fer í jaðri Steinahlíðar um kjarnastöðina og skiptist í vesturjaðri byggðarinnar í tvennt. Annar stígurinn liggur til norðausturs um núverandi göngu- og hjólabrú en hinn stígurinn fylgir Borgarlínubrautinni upp í Ártúnshöfða.

Samgöngustígur úr Mjódd fylgir Borgarlínubraut í jaðri Elliðaárdalsins, um kjarnastöðina og áfram til norðurs eftir Dugguvogi, auk þess er gert ráð fyrir hjóla- og göngustígum ofan á stokknum.

Gangandi vegfarendum eru tryggðar gönguleiðir um opin svæði á milli núverandi Vogabyggðar og Römlunnar og yfir í útivistarsvæðin við Elliðaár.

Hvað er Sæbrautarstokkur?

- Niðurgrafin, yfirbyggð sex akreina hraðbraut í vegstæði Sæbrautar milli mislægra gatnamóta Miklubrautar og Njörvasunds
- Ný mislæg gatnamót við Skeiðarvog / Kleppsmýrarveg, aðreinar og fráreinar byrja og enda við Njörvasund til norðurs og Barðavog til suðurs
- Borgarlína og Suðurlandsbraut liggja yfir stokkinn og tengjast Súðarvogi í Vogabyggð skammt frá kjarnastöðinni.
- Áætlað að 50.000 bílar aki í gegnum Sæbrautarstokk á sólarhring
- Heildarlengd stokksins verður um 1,2 km
- Forhönnun stokks heldur sér.

Gert er ráð fyrir veglegum gatnamótum við norðurenda stokksins og eru beygjustraumar að- og frá Skeiðarvogi teknir í römpum sem breikka plássþörf þar sem rampar koma utan við stokkinn. Til að tóna niður neikvæð áhrif rampa er gert ráð fyrir að þeir séu felldir inn í byggingu/ kennileiti sem verður ofan á stokknum.

Rampar í Smáragatnamótum við Ártúnsbrekkur eru látnir halda sér en núverandi umferðarmagn í gatnamótum/römpum er af stærðargráðunni frá 1.000 bílum í 10.000+

Við suðurenda á fyrirhuguðum stökk á Sæbraut tengjast nokkrar leiðir Borgarlínu og stofnleiða Strætó. Áætlað er að vagnar á stofnleiðum aki á 7-10 mínútna fresti á annatímum og 15-20 mínútna fresti utan annatíma. Áformað er að Borgarlínan leysi hluta stofnleiðanets Strætó af hólmi eftir því sem sérrými Borgarlínu byggist upp. Stofnleiðanetið tengist síðan almenna leiðanetinu þar sem tíðnin er minni, 15 mínútur á háannatíma og á 20-30 mínútur utan annatíma.

HVAÐ ER SÆBRAUTA-STOKKUR? 1,2 KM 50.000 BÍLAR

- Niðurgrafin, yfirbyggð, sex akreina hraðbraut
- Suðurlandsbraut tengist Súðarvogi yfir stokkinn
- Skeiðarvogur tengist Kleppsmýrarvegi yfir stokkinn

KLEPPSMÝRARVEGUR

SÚÐARVOGUR

SKEIÐARVOGUR

SUÐURLANDSBRAUT



BORGARLÍNA

Kjarnastöð í Vogabyggð er hnútpunktur fyrir almenningssamgöngur og áhersla er á aðgengi gangandi og hjólandi að stöðinni. Leiðir verða skýrar að hjólastæðum, brautarpöllum og á milli brautarpalla fyrir farþega sem eru að skipta. Þjónustustarfssemi s.s. matvörubúð, kaffihús og apótek verður aðgengileg á jarðhæð. Tenging verður milli Vogabyggðarstöðvar, og Römlunar og Steinahlíðar, og því góð og eftirsóknarverð dvalarsvæði í næsta nágrenni. Fallegt útsýni verður á núverandi göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaár.

Borgarlínuleiðir í austur-vesturátt liggja yfir Geirsnef, um kjarnastöðina og í mjúkum boga í jaðri Steinahlíðar. Borgarlínuleiðir og almennar strætóleiðir frá Mjódd aka í jaðri Elliðaárdals á Borgarlínubraut sem fer undir Miklubraut (með hjólandi umferð) og kemur inn á kjarnastöð á sér palli, áður en þær fara áfram til norðurs, austurs eða vesturs. Þetta tryggir góðar skiptingar á milli norður-suðurleiða og austur-vesturleiðar með stuttum og öruggum gönguleiðum.

Líklega verða ekki margar almennar strætóleiðir eða leiðir utan af landi sem verða tengdar við kjarnastöðina en gert er ráð fyrir að þær leiðir nýti sér borgarlínubrautir að stöðinni, frekar en að þær séu láttnar aka aðrar lengri leiðir að stöðinni.


Kjarnastöðin sem er á milli Vogahverfis, núverandi Vogabyggðar og framtíðarsvæðis, myndar góða tengingu við austurhverfi borgarinnar og Mjódd. Ef miðað er við fyrirliggjandi tillögur að nýju leiðaneti almenningssamgangna má gera ráð fyrir að þær fimm stofnleiðir sem fara um kjarnastöðina þróist yfir í að verða Borgarlínuleiðir (B,C,E,F,G) en ein leið (J) verði áfram almenn strætóleið.

Miðað við þetta er talið heppilegast að vera með einn tvöfaldan borgarlínupall (51m) fyrir austur-vesturleiðirnar en annan einfaldan (26m) fyrir allar leiðir sem koma úr suðri. Gert er ráð fyrir tvöföldum norður-suður palli þó einfaldur væri líklega nægilegur, en með því að hafa hann tvöfaldan þolir pallurinn viðbótarálag frá mögulegri fjölgun leiða eða almenningsvögnum af landsbyggðinni. Tvöfaldur pallur gerir líka að verkum að truflun á leiðarkerfi verður minni þó tvær leiðir liggja nálægt hvor annarri í tíma.

Með þessu fyrirkomulagi og því að ekki er gert ráð fyrir að neinir vagnar þurfi að tímajafna á þessari stöð, er ekki talið nauðsynlegt að gera ráð fyrir að vagnar getir ekið framhjá kyrrestæðum vögnum á sérakreinum.

Yfirlit yfir leiðir og vagnafjölda samkvæmt tillögu að nýju leiðaneti

Leið	Stefna	Tíðni	Földi/klst	Gerð
B	A-V	7	8	Borgarlína
C	S-V	10	6	Borgarlína
E	A-V	10	6	Borgarlína
F	A-V	10	6	Borgarlína
G	N-S	10	6	Borgarlína
J	S-A	15	4	Almenn leið



SKEIÐARVOGUR

SNEKKJUVOGUR

SAMGÖNGUR

GÖNGUSTÍGUR

RAMBLAN

KJARNASTÖÐ

STEINAHLIÐ

STOKKURINN

BORGALÍNA
NORÐUR - SÚÐUR LEIÐ

SUBURLANDSBRAUT

HJÓLASTÍGUR
BORGARLÍNA
AUSTUR-VESTUR LEIÐ





Borgarlínan
er að koma!!

Ég get ekki
hlaupið
svona hratt!!

Hvar er nýja
kaffihúsið?

Hvenær kemur
Borgarlínan?

Það kemur
annar vagn
eftir 7 mínútur

Stoppar þessi
vagn á Miklatorgi?

ÁFANGAR

Gerð er grein fyrir heppilegum verkáfangum um uppbyggingu samgöngumannvirkja og byggðar og röð þeirra, auk hugleiðinga um mögulegar hjáleiðir á verktíma.

Framkvæmdum má skipta í þrjá megináfanga:

1. Fyrsti og jafnframt stærsti áfanginn er umbreyting Sæbrautar í niðurgrafna sex akreina hraðbraut sem er yfirbyggð. Þeirri framkvæmd fylgja umbreyting tveggja tenginga, annars vegar við Skeiðarvog / Kleppsmýrarveg og hins vegar við Suðurlandsbraut / Súðarvog.
 - a. Meðan á framkvæmdum stendur verður lágmarksumferð um stokkinn, sem verður byggður upp í a.m.k. tveimur undiráföngum, austur- og vesturhluti.
 - b. Í kjölfar umbreytinga á Sæbraut koma innviðir austur-vestur leiðar Borgarlínu að Vogabyggð, þar sem verður kjarnastöð.
 - c. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í tengslum við stokkinn og í suðurhluta Vogabyggðar.

2. Annar áfangi felst í því að koma upp innviðum Borgarlínu að Sævarhöfða, brú yfir Elliðaár gegnir þar lykilhlutverki.

3. Þriðji áfangi er tenging norður-suður leið Borgarlínu við kjarnastöð í Vogabyggð með uppbyggingu innviða frá Mjódd í jaðri Elliðaárdals og undir Miklubraut, sem er brúuð yfir Elliðaár. Elliðaárdalur opnast til sjávar. Bráðabirðgða tenging getur verið þverun Elliðaárdals og farið verði undir núverandi brú við Ártúnshöfða um Sævarhöfða að Borgarlínubraut.

Hverjum ofangreindra áfanga má skipta undiráfanga.

HAGRÆN GREINING

Útfærsla hugmyndar að blandaðri byggð, útivistarsvæðum og auknum gæðum byggðarinnar, sem felst m.a. í aðgengi að náttúru, bættum loftgæðum og hljóðvist er innan marka viðmiða sem koma fram í viðkomandi reglugerðum. Aðgengi að fjölbreyttum ferðamatum mun móta eftirsóknarvert hverfi. Með uppbyggingu skapast talsverð verðmæti. Hluti þess tengist virði byggingarréttar og hækkun á virði eigna í nágrenni svæðisins. Út frá hugmynd má áætla að núvirt virði byggingarréttar liggi á bilinu 9 til 13 ma.kr.

Gert er ráð fyrir að á reitnum verði blönduð byggð þriggja til fimm hæða íbúða- og atvinnuhúsnæðis. Miðað er við að íbúðir verði 1.000 til 1.300. Að því gefnu að hlutföllin verði 70% íbúðir og 30% atvinnuhúsnæði má gera ráð fyrir að verðmæti byggingarréttar sé á bilinu 60-80 þúsund kr. á byggðan fermetra ofanjarðar. Þá er gert ráð fyrir því að fasteignir í nágrenninu, sem njóta góðs af auknum gæðum, hækki í verði um 10%.

Uppbygging	Byggingarmagn [m ²]	Byggingarréttur [kr/m ²]	Virði byggingarréttar [m.kr.]
Íbúðarbyggð	105.000-140.000	85.000	7.900-10.900
Atvinnuhúsnæði	45.000-60.000	40.000	1.500-2.100
Samtals	150.000-200.000	71.500	9.400-13.000

LOKAORÐ

Tillaga þessi að uppbyggingu Sæbrautarstokks, samþættingu Vogahverfis, Vogabyggðar og nýrrar uppbyggingar treystir grundvöll borgarsamfélagsins.

Svæði höfuðborgarsvæðisins við Borgarlínu verða nú hnýtt saman, m.a. með kjarnastöðvum við Sæbraut og tengingu við hjarta Reykjavíkur í gamla miðbænum og úthverfi borgarinnar og önnur sveitarfélög.

Vogar framtíðarinnar verða líflegt borgarumhverfi og ljósberi nýbreytni á grundvelli leiðarljósa Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030/2040 og Svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2040.

TEYMIÐ

Teiknistofan Tröð

- Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt, verkefnisstjóri og lykilstarfsmaður
- Hans-Olav Andersen, arkitekt, borgarhönnun

Kanon arkitektar

- Birkir Einarsson landslagsarkitekt, lykilstarfsmaður
- Helga Bragadóttir, arkitekt, greinargerð

VSÓ Ráðgjöf

- Smári Ólafsson, umferðar- og samgönguverkfr. lykilstarfsmaður
- Stefán Gunnar Thors, umhverfishagfræðingur
- Andrea Kristinsdóttir, skipulagsfræðingur, landfræðingur, BREEAM
- Svanhildur Jónsdóttir umferðar- og samgönguverkfræðingur

